

# Miðlunaraðferðin

## Gagn

1. Miðlunaraðferðin er heildræn vinnu- og námsaðferð, sem gerir alla þátttakendur virka í gangi samverunnar.
2. Með því að gera alla sameiginlega ábyrga fyrir markmiðum samverunnar stuðlar þú að áhuga og þátttöku þeirra.
3. Gagnvirkni og samvinna tryggja mikla samsömun allra þátttakenda við markmiðin og sameiginlegar ákvarðanir.
4. Aðferðir Miðlunaraðferðarinnar tryggja virkni þátttakenda og þar með besta nýtingu tímans.
5. Búnaðurinn er einfaldur (virkar meira að segja við kertaljós) og leyfir samtvinnun við aðrar aðferðir og önnur tæki.

## Grunn reglur

- Athugasemdir þátttakenda, hugmyndir þeirra, vandamál, spurningar o.s.frv. eru skrifuð á kort og fest á töfluna, öllum sýnileg. (Nýsitækni)
- Samskonar, eða samhangandi framlög eru flokkuð undir fyrirsögn (skipulag, yfirsýn)
- Óskir þátttakenda um áherslur í samvinnunni, hagsmunir, viðhorf, mat o.s.frv. má auðveldlega skýra og fá á hreint með sjálfmátt punktum. (Gagnsæi og Mat)
- Til þess að geta unnið dýpra og nánar með ákveðin þemu, eða þætti þeirra, er hópnum skipt í vinnuhópa eða námsfélög. (Breytt um vinnuform, hópamyndun)
- Niðurstöður og upplýsingar eru settar fram sýnilega og á áhugaverðan hátt með búnaði Miðlunarinnar. (Sýnileg framsetning)
- Mótmæli, vafamál, samþykki eru tjáð og gerð sýnileg með viðeigandi táknum (Viðhorf gerð greinileg)
- Ákvarðanir og einstakir verkþættir eru sett fram á þar til gerðum listum, þar sem þátttakendur skrá sig sem ábyrga fyrir ákveðnum þáttum. (Trygging árangurs, gagnkvæmt traust)
- Miðlunaraðferðin nær til þátttakenda á mörgum plönnum. Fyrst og fremst á því sjónræna, en því til stuðnings eru tónlist, lyktir og líkamsæfingar markvisst notaðar. (Höfðað til mismunandi námsstíla, heildræn vinnuaðferð)

Meginreglan er virkni allra þátttakenda gegnum sjálfstæða athöfn og sjálfsábyrgð.

## Notkun

- Skóli
- Fræðsla
- Fundir
- Hópvinna
- Skipulagning
- Lausn vandamála
- Kynning
- O.s.frv.